



Dagsetning: 16.06.2020
Málsnúmer: 2005044/0.0

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Lykilinn að Fjarðabyggð – Þú ert á góðum stað.

Til að koma til móts við aðila í ferðaþjónustu í Fjarðabyggð hefur undanfarið verið unnið að útfærslu á hugmyndum að afsláttum sem hægt væri að afhenda þeim sem kaupa þjónustu af þeim ferðaþjónum sem bjóða upp á gistingu á svæðinu. Þannig geti Fjarðabyggð komið til móts við ferðaþjóna og hjálpað þeim að gera vöru sína að fýsilegri kosti.

Hér er lagt til að þetta verði gert með þeim hætti að Fjarðabyggð láti hanna og framleiða afsláttakort/miða sem gilda annarsvegar sem 50% afsláttur í eina sundlaug í Fjarðabyggð að eigin vali, og hins vegar sem 50% afsláttur af aðgöngumiða á eitt af söfnum Fjarðabyggðar að eigin vali. Þessi kort verði afhent þeim sem selja gistingu á svæðinu, hvort sem um er að ræða hótél, gistiheimili, og tjaldsvæði og munu gilda fyrir fjölskyldur að hámarki sex einstaklinga. Hugsunin er þá sú að hægt að sé að afhenda þeim sem nýta sér gistingu þessa miða/kort, sem þeir svo nýta sér á ferðalagi sínu um Fjarðabyggð.

Til að fylgja þessu eftir verður lykilinn kynntur á samfélagsmiðlum Fjarðabyggðar og verður þetta verkefni þannig þáttur í markaðsátaki því sem Fjarðabyggð setti á laggirnar til viðspyrnu vegna COVID-19.

Verkefnið hefur verið rætt og kynnt fyrir forstöðumanni safnastofnunnar, íþrótt- og tómstundastjóra og fjármálastjóra sem sáu þessu ekkert til fyrirstöðu. Þó þarf að tryggja að þeir verði upplýstir um það þegar verkefnið fer af stað þannig að hægt sé að gera þær ráðstafanir sem þarf í sundlaugum og söfnum. Er þar átt við að upplýsa starfsfólk um fyrirkomulagið, gera breytingar á kassakerfum og uppgjörum eftir þörfum, og aðrar þær aðgerðir sem þarf að fara í til að tryggja að þetta gangi sem hraðast og best fyrir sig.

Sjá má fyrir sér að síðan megi í framtíðinni láta þetta verkefni halda áfram ef vel gengur, og bjóða þá fleirum með til þátttöku t.a.m. þeim fyrirtækjum sem bjóða upp á afþreyingu á svæðinu, og væru tilbúnir að veita afslátt af sinni þjónustu. Sú hugmynd hefur verið rædd við ferðaþjóna sem leist vel á, en töldu það ekki tímabært eins og er og gott væri að taka skrefið núna með þeim hætti að í boði væri afsláttur í sundlaugar og á söfnin.



Verkefnalisti:

Hönnun og uppsetning:
Kynning fyrir forstöðumönnum:
Kynning fyrir ferðapjónum:
Kynning fyrir starfsmönnum:
Breytingar á kerfum:
Kynning á samfélagsmiðlum:

Ábyrgð:

Upplýsingafulltrúi/Atvinnu- og þróunarstjóri
Atvinnu- og þróunarstjóri /Upplýsingafulltrúi
Atvinnu- og þróunarstjóri/ Upplýsingafulltrúi
Atvinnu- og þróunarstjóra/ Viðkomandi
forstöðumaður
Viðkomandi forstöðumaður
Upplýsingafulltrúi

Valgeir Ægir Ingolfsson
Atvinnu- og þróunarstjóri

Þóroddur Vilberg Guðmundsson

Upplýsingafulltrúi